



Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Haustönn 2007

Íslenska 3036

Nafn: _____

Kennitala: _____

Kennarar: Anna María Gunnarsdóttir
 Guðlaug Gísladóttir
 Sigríður Anna Ólafsdóttir

Prófið er á 10 blaðsíðum (auk forsíðu)

Sundurgreining einkunnar:

Próf í lok annar 50% _____

Vetrareinkunn 50% _____

Lokaeinkunn: _____

Prófdagur: Mánudagur 3. desember 2007

Próftími: Kl. 8¹⁵ – 10¹⁵

Hjálpargögn Engin



Bókmenntasaga

(11%) Krossaspurningar

1. Hvert er elsta handrit Eddukvæða?

- Snorra - Edda
- Konungsbók
- Flateyjarbók
- Heimskringla

2. Landnámabók

- greinir frá upphafi byggðar á Íslandi.
- er yfirlit yfir sögu Íslendinga frá upphafi til 1120.
- fjallar um kristnitökuna og fyrstu biskupana í Skálholti.
- segir frá upphafi landnáms, stofnun alþingis, fjórðungaskiptingu, fundi Grænlands og kristnitökunni.

3. Orðið drótt merkir

- hirð
- drós
- konungur
- hjörð

4. Hann ritaði fyrstur manna hér á landi á „norrænu máli bæði forna og nýja.“

Við hvern er átt?

- Ara fróða Þorgilsson
- Snorra Sturluson
- Sighvat Þórðarson
- Styrmi Kárason

5. Tvær nokkurn veginn heilar skinnbækur hafa varðveist sem geyma söfn þjóðveldislaða. Þeirra frægust er:

- Gulapingslög
- Járn síða
- Víglóði
- Grágás

6. „Keningin gerir ráð fyrir að Íslendingasögur séu settar saman af 13. aldar höfundum sem unnu úr rituðum heimildum og munnmælasögum en löguðu efnið eftir þörfum og klæddu í listrænan búning.“

Hér er átt við

- sagnfestukenningu
- formúlukeningu
- formfestukenningu
- bókfestukenningu

7. Hver eftirtalinna þátta er ekki í Snorra- Eddu?

- Gylfaginning
- Skáldskaparmál
- Háttatal
- Gestapáttur

8. Íslendingasögurnar fjalla fyrst og fremst um

- ástir helstu hetja sögualdarinnar.
- baráttu manna fyrir sæmd sinni.
- byggingu og landnám Íslands.
- lífið í ákveðnu héraði.

9. Helstu bókmenntagreinar sem tengjast miðöld eru

- fornaldarsögur, riddarasögur, bænir og dróttkvæði.
- biskupasögur, helgikvæði, bænir og söngvar.
- söngvar, dansar, rímur og fuglafið.
- helgikvæði, dansar, rímur og heimsádeilur.

10. Lilja sem allir vildu kveðið hafa er

- trúarljóð.
- heilagramannakvæði.
- ríma.
- hetjukvæði.

11. Úr hvaða ljóði eru þessar línur?

Sól eg sá
setta dreyrstöfum,

- Lilju
- Tristranskvæði
- Hávamálum
- Sólarljóðum

12. (3%) Gerðu stutta grein fyrir þessum verkum.

a) Sturlunga saga _____

b) Fyrsta málfræðiritgerðin _____

c) Crymogæa _____

13. (8%) Hvenær voru þessi rit samin og hvert er efni hvors rits? Hver var tilgangurinn með ritun þeirra?

a) Heimskringla _____

b) Íslendingabók _____

Völuspá

Krossaspurningar

14. (1%) Af hverju var úti um frið hjá goðum?

- Vegna leti þeirra og ágirndar.
- Vegna ágirndar þeirra og svika.
- Vegna hroka þeirra og ósannsögli.
- Vegna vanþakklætis manna og ófriðar.

15. (1%) Hvernig fór fyrir aski Yggdrasils í ragnarökum?

- Hann féll
- Hann brann
- Fenrisúlfr reif hann upp með rótum
- Hann visnaði um fimbulvetur

16. (1%) Hvert eftirtaldrá heita er ekki notað um Óðinn?

- Valföður
- Mótsognir
- Fimbultýr
- Alföður

17. (1%) Hverjar af eftirtöldum voru valkyrjur Óðins?

- Urður, Verðandi og Skuld
- Freyja og Frigg
- Skuld, Skögul og Gunnur
- Bívör og Bávör
- Skoppa og Skrýtla

18. (4%) Segðu frá bragarhætti Völuspár. (Heiti hans og helstu einkenni)

19. (4%) Hvaða ásynjur eru nefndar í Völuspá og í hvaða samhengi?

20. (3%) Hvaða atburðum er lýst í þessu erindi?

Leika Míms synir
en mjötuður kyndist
að inu galla
Gjallarhorni.

Hátt blæs Heimdallur,
horn er á lofti.
Mælir Óðinn
við Míms höfuð.

21. (3%) Hverjar eru meyjarnar í vísuþrotinu og hvert er hlutverk þeirra?

Þaðan koma meyjarnar
margs vitandi

þrjár úr þeim sæ,
er und þolli stendur.

22. (12%) Útskýrið undirstrikuðu orðin og skýrið síðan efni þessara erinda rækilega. (Athugið að þau standa ekki saman í kvæðinu).

Haft sá hún liggja
undir Hveralundi,
lægjarns líki
Loka áþekktan.
Þar situr Sigyn
þeygi um sínum
ver vel glýjuð.
Vituð er enn - eða hvað?

Fyllist fjörvi
feigra manna,
rýður ragna sjöt
rauðum dreyra.
Svört verða sólskin
um sumur eftir,
veður öll válynd.
Vituð er enn - eða hvað?

Haft _____

feigra _____

áþekktan lægjarns líki _____

rýður _____

ragna sjöt _____

þeygi _____

glýjuð _____

dreyri _____

fjörvi _____

válynd _____

Hávamál

23. (1%) Bragarháttur Hávamála kallast

- málaháttur
- kviðuháttur
- ljóðaháttur
- fornyrðislag

24. (1%) Hver er boðskapurinn í eftirfarandi erindi Hávamála?

Byrði betri
berat maður brautu að
en sé manvit mikið,
auði betra
þykir það í ókunnum stað,
slíkt er volaðs vera.

- Hinn fátæki nýtur ekki þekkingar sinnar.
- Styrkur hins fátæka liggur í vitsmunum hans.
- Þegar menn koma á ókunna staði er auður mikilvægari en vitsmunir.
- Á lífsleiðinni eru það fjármunir en ekki vitsmunir sem veita mönnum brautargengi.

25. (8%) Útskýrið efni þessara erinda rækilega?

Fróður sá þykist
er fregna kann
og segja ið sama.
Eyvitu leyna
megu ýta synir
því er gengur um guma.

Þagalt og hugalt
skyli þjóðans barn
og vígdjarft vera,
Glaður og reifur
skyli gumna hver
uns sinn bíður bana.

26. (4%) Hvaða afstaða til vináttu og mannlegra samskipta birtist í vísunum hér fyrir neðan?

Vopnum og voðum
skulu vinir gleðjast,
það er á sjálfum sýnst.
Viðurgefendur og endurgefendur
erust lengst vinir
ef það bíður að verða vel.

Það er enn of þann
er þú illa trúir
og þér er grunur að hans geði.
Hlæja skaltu við þeim
og um hug mæla,
glík skulu gjöld gjöfum.

27. (6%) Hvað merkja eftirfarandi vísubrot?

a. Situr og snópir

b. Til góðs vinar liggja

gagnvegir

c. Ljúfur verður leiður

d. Fagurt skaltu við þann

mæla en flátt hyggja

Atlakviða, Prymskviða, Tristranskvæði og Skáldskaparmál

Prymskviða

28. (1%) Hvernig var Þór klæddur þegar hann fór til Jötunheima?

29. (4%) Hverju er lýst í þessu erindi?

Var þar að kveldi
um komið snemma
og fyr jötna
öl fram borið.

Einn át uxa,
átta laxa,
krásir allar
þær er konur skyldu,
drakk Sifjar ver
sáld þrjú mjaðar.

Atlakviða

30. (2%) Hvernig stóð á því að Gunnar ákvað að þiggja heimboð Atla þrátt fyrir að hafa áður sýnt því lítinn áhuga og hvaða þátt átti systir hans í ákvörðuninni?

31. (3%) Hver mælti svo, af hvaða tilefni og hvað á hann við?

Rín skal ráða
rógmálmi skatna,
sú in áskunna
arfi Niflunga.

31. (2%) Hvað varð um Guðrúnu Gjúkadóttur eftir dauða Atla?

Tristranskvæði

32. (6%) Segðu stuttlega frá Tristranskvæði. (Gerð, tímabil, efniviður)

Skáldskaparmál

33. (4%) Úr hverju var skáldamjöðurinn gerður? Hvernig náði Óðinn drykknum?

Dróttkvæði

34. (6%) Dragðu hring um ljóðstafi og strikaðu undir hendingar í þessum vísuhelmingi. Nefnið heiti hendinganna. Útskýrðu þvínæst kenningarnar fyrir neðan.

Öllungis kanntu illa,
oddskýs, fyr þér nýsa,
rigna getr að regni,
regnbjóðr, Háars þegna.

oddskýs regnbjóðr _____

Háars þegna _____

Aukaspurning 2%

Hvað merkir þessi kenning?

Miðgarðs véur _____

Semjið eina kenningu um nemanda sem hefur yndi af fornum fræðum.
